



885. fundur stjórnar GSÍ, 16. febrúar 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson. Hansína Porkelsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð

2. Jussi Pitkanen - kynning

Afreksstjóri GSÍ Jussi Pitkanen kynnti sjálfan sig fyrir stjórn og fór yfir helstu markmið sín og almenna stöðu mála á afrekssviði. Jussi fór yfir og kynnti stjórn hvernig fyrstu vikur hans í starfi hafa verið og hvernig hann hefur upplifað íslenskt afreksfólk.

3. Forskot - breytingar á stjórn

Forseti lagði fram tillögu til stjórnar um að Brynjar Eldon Geirsson myndi taka sæti GSÍ í stjórn Forskots frá og með mars næstkomandi. Stjórn samþykkti tillöguna og lýsti yfir mikilli ánægju með hvernig sjóðurinn hefur þróast undanfarin ár. Haukur Örn kynnti fyrir stjórn að nýtt fyrirtæki hefði bæst í hóp Forskotsfyrirtækja en Bláa Lónið er nú komið inn í sjóðinn. Í dag eru því sex fyrirtæki auk GSÍ með aðkomu að sjóðnum sem styður við íslenska atvinnukylfinga.

4. Samstarfsaðilar

Forseti biðlaði til stjórnarmanna að aðstoða við öflun á auglýsendum í Golf á Íslandi og hafa nú verið útbúin sérstök samningstilboð sem hægt er að kynna fyrirtækjum á auglýsingamarkaði. Markmiðið er að koma markaðsstjóra GSÍ í samband við þá aðila sem hafa áhuga á því að auglýsa í blaðinu.

5. Starfsnefndir GSÍ.

Eggert Á. Sverrisson lagði fyrir stjórn tillögu um starfssvið og reglur starfsnefnda GSÍ en þær eru nú níu talsins: Mótanefnd - Afreksnefnd - Útbreiðslunefnd - Útgáfunefnd - Þjónustunefnd - Umhverfisnefnd - Alþjóðanefnd - Fjárhagsnefnd - Laganefnd. Markmiðið með áherslubreytingunni er að ná betur utan um hlutverk GSÍ gagnvart klúbbunum og stefnu sambandsins og efla nefndarstörf.

Tillagan var samþykkt auk þess sem samþykkt var að formenn nefndanna yrðu með eftirfarandi hætti:



Mótanefnd - Jón Júlíus Karlsson
Afreksnefnd - Helgi Anton Eiríksson
Útbreiðsluefnd - Hansína Þorkelsdóttir
Útgáfunefnd - Bergsteinn Hjörleifsson
Þjónustunefnd - Eggert Sverrisson
Umhverfisnefnd - á eftir að skipa
Alþjóðanefnd - Haukur Örn Birgisson
Fjárhagsnefnd - Kristín Guðmundsdóttir
Laganefnd - Gunnar Gunnarsson

6. Golfsamtök fatlaðra

Forseti fór yfir samskipti GSÍ, GSFÍ og ÍF sem af er liðið ári og kynnti þær hugmyndir sem eru uppi um að styðja og styrkja stöðu GSFÍ innan íþróttahreyfingarinnar. Til stendur að GSFÍ finni sér heimavöll og stofni golfklúbb ásamt því að GSÍ mun sækjast eftir því að ganga í EDGA samtökin (European Disabled Golfers Association) og þannig efla alþjóðasamstarf GSÍ og GSFÍ.

7. Fundur framkvæmdastjórnar EGA

Forseti kynnti fyrir fundarmönnum það helsta sem rætt var á fundi EGA í Sviss í liðinni viku, breytingar á félagsgjöldum EGA, greiðslur EGA til þjóða sem halda Evrópumót, greiðslu kostnaðar vegna nefndarmanna hjá EGA o.fl. Þá fór forseti yfir helstu breytingar sem verða á skipan nefnda á vegum EGA á aðalfundi EGA sem fram fer í nóvember síðar á þessu ári.

8. 75 ára afmæli GSÍ og markaðsmál

Forseti kynnti áform afmælisnefndar GSÍ og hvaða viðburðir yrðu haldnir í tilefni af afmælinu. Forseti áréttaði að GSÍ væri elsta sérsambandið innan ÍSÍ og að því bæri að fagna.

Forseti lagði til að kynningarefni sambandsins yrði endurnýjað að hluta til á árinu en um er að ræða myndbönd sem kynna golfíþróttina almennt, til sýningar á samfélagsmiðlum og RÚV.

9. Önnur mál

- www.golf.is smáforrit, rætt var um mögulega tímasetningar sem IT nefnd sér fyrir sér smáforritið fara í loftið.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi slitið kl. 19:20